



## Reglur um aðkomu félagsþjónustu og samstarf við lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi

Reglur þessar taka til verklags og heimilda starfsmanna sem kallaðir eru á vettvang vegna heimilisofbeldis, sbr. verklagsreglur frá ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála.

Ef börn eru með skráð lögheimili eða stödd á vettvangi taka verklag og heimildir starfsmanna mið af Barnaverndarlögum nr. 80/2002 ásamt reglum þessum.


Lögreglan kallar út starfsmann félagsþjónustu/barnaverndar þegar hún fær tilkynningu um mál þar sem grunur er um að um heimilisofbeldi sé að ræða. Fái starfsmaður félagsþjónustu tilkynningu eftir öðrum leiðum kallar hann til lögreglu.

- 1) Ef tilkynning berst sem ber með sér að þörf sé á að bregðast strax við skal setja mál í forgang. Kalli lögregla eftir aðkomu félagsþjónustu ber að bregðast við þegar í stað með því að senda fulltrúa félagsþjónustu á vettvang óski lögreglan þess.
- 2) Utan dagvinnutíma sér bakvakt barnaverndar um að sinna slíkum útköllum í bakvaktarsíma hvort sem börn eru skráð á heimilinu eða ekki. Á öðrum tímum sinna þeir ráðgjafar félagsþjónustunnar útköllum sem tiltækir eru hverju sinni.
- 3) Á vettvangi veitir starfsmaðurinn þolanda eða þolendum fyrstu hjálp sem m.a. getur falið í sér:
  - a. Að ræða við börn og kanna líðan þeirra.
  - b. Fylgd á bráðamóttöku í lækni- og sálfræðiskoðun.
  - c. Að hafa samband við ættingja eða stuðningsaðila í nærumhverfi.
  - d. Aðstoða við að koma þolendum í öruggt skjól eða á neyðarheimili ef þörf er á.
  - e. Starfsmaður ræðir við geranda ef kostur er á því og aðstoðar hann við að finna sér húsaskjól ef þörf er á.
- 4) Ef börn eru skráð á heimili er farið með tilkynningu skv. Barnaverndarlögum nr. 80/2002 og verklagsreglum barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar um umboð starfsmanna. Sama á við ef að börn eru stödd á vettvangi þó að þau séu ekki skráð þar heimilisföst.
- 5) Um beiðni um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili fer skv. 3.gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann eða brottvísun af heimili. Félagsmálastjóri hefur umboð fjölskyldunefndar til að leggja fram beiðni skv. framangreindri lagagrein. Telji sá fulltrúi félagsþjónustu, sem mætir á vettvang hverju sinni, að grunur leiki á að um sé að ræða brot gegn 3. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili af þeim sökum, þá hefur og viðkomandi fulltrúi félagsþjónustu á vettvangi fullt og óskorað umboð til að óska eftir í nafni félagsmálastjóra að lögreglustjóri beiti úrræðum skv. lögum nr. 85/2011.



- 6) Starfsmaður félagsþjónustunnar á vettvangi hefur heimild til að ákvarða til bráðabirgða útgjöld með hliðsjón af 24. gr. reglna um fjárhagsaðstoð t.d. gistikostnað, vegna brottvísunar enda telst viðkomandi heimilislaus ef svo stendur á.
- 7) Sveitarfélagið Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður reka sameiginlega barnaverndarþjónustu og taka þessar reglur því til heimila í báðum sveitarfélögum, ef börn eru á heimili.
- 8) Gátlisti fyrir starfsmenn félagsþjónustu/barnaverndar fylgir reglum þessum og er hluti þeirra.

7. mars 2025

  
staðgengill bæjarstjóra  
Gunnar Jónsson  
bæjarritari

Samþykkt í fjölskyldunefnd þann 24. febrúar 2025  
Samþykkt í bæjarráði þann 3. mars 2025  
Samþykkt í bæjarstjórn þann 6. mars 2025